

## Fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. haldinn á Teams 8. Júlí 2024 kl. 15:30.

Fundinn sátu: Frá Norðurþingi: Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri, Frá Tjörneshreppi: Aðalsteinn J. Halldórsson oddviti, frá Þingeyjarsveit: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri og frá Langanesbyggð: Björn S. Lárusson sveitarstjóri.

Dagskrá:

### 1) **Frá Gunnari Björnssyni, Sandfelli:**

Samkvæmt II Kafla 6. greinar í Fjallskilasamþykkt "Fyrir svæðið austan Vaðlaheiðar að mörkum Langanesbyggðar og Vopnafjarðarhrepps" Þarf samþykki héraðsnefndar ef breyta á afrétt (eða sumarbitilandi fyrir sauðfé) í heimaland. Óskar Gunnar að fá heimild/samþykki Sveitarstjórnar og Héraðsnefndar að breyta 215 hekturum á Ærlækjarhólmi í Öxarfirði úr afrétt í heimaland. Landið er að mestu í eigu Klifshaga 1.

Svæðið sést á mynd sem var meðfylgjandi fundarboði og er þegar orðið afgirt. Á myndinni eru Klifshagabæirnir ofarlega fyrir miðri mynd.

Nánar skilgreint: Svæðið afmarkast af vegi frá Þjóðvegi 85 norðan við veg 866 niður að Sandárbrú. Þaðan niður með Sandá að ármótum við Brunná og þaðan meðfram Þjóðvegi 85 að afleggjara á veg 866.

*Framkvæmdastjórn Héraðsnefndar gerir ekki athugasemdir við ofangreindar breytingar á landnotkun.*

### 2) **Slit Héraðsnefndar.**

Fyrir liggur að öll aðildarsveitarfélögin hafa samþykkt að Héraðsnefndin skuli lögð niður. Því liggur fyrir að skipa í skiptastjórn.

*Framkvæmdastjórn samþykkir að skipa Rúnar Bjarnason hjá PWC og Gerði Sigtyggsdóttur í skiptastjórn.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:50.

# Undirritunarsíða

Katrín Sigurjónsdóttir

Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson

Björn Sigurður Lárusson

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir